

Fimmtudaginn 17. desember 1998.

Nr. 242/1998.

Fríðjón og Viðar ehf.

(Ingimundur Einarsson hrl.)

gegn

Múr- og málningarþjónustunni Höfn ehf.

(Örn Höskuldsson hrl.)

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 8. júní 1998 og krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfu stefnda og að málskostnaður á báðum dómstigum falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, en þó þannig að frá kröfum hans dragist 30.382 krónur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Árið 1995 tók áfrýjandi að sér sem aðalverktaki að reisa hús fyrir Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga Fossaleyni 17 í Reykjavík. Samkvæmt samningi áfrýjanda og verkkaupa, sem var Framkvæmdasýsla ríkisins, var útboðs- og verklýsing, dagsett í júlí 1995, hluti samningsins.

Áfrýjandi samdi síðan við undirverktaka um nokkra verkþætti. Einn þeirra var stefndi, sem tók að sér múrverk utanhúss með verkamningi 12. október 1995. Segir meðal annars svo í verksamningnum: „Verktaki tekur að sér ímúr-múrkerfi samkv. verklýsingu“ fyrir meðferðarstöðina samkvæmt einingarverði og magnskrá. Er ágreiningslaust, að hér var átt við áður nefnda útboðs- og verklýsingu frá júlí 1995. Umsamin heildarverklaun til stefnda voru 3.377.550 krónur, og í samningnum var sundurliðað verð hinna tíu verkþátta, sem vinna skyldi. Helstir þeirra voru einangrun á húsveggina utanverða, lagning bendinets og múrhúðun, fyrst með undirmúrlögn og yfir hana slétthúðun með „semkís M-240“. Í sundurliðuninni var greint

magn, einingarverð og heildarverð hvers verkþáttar. Verkið skiptist í tvo áfanga. Einangrun skyldi lokið fyrir 1. febrúar 1996 og annarri vinnu fyrir 1. júní sama ár. Í 4. gr. samningsins sagði eftirfarandi: „Ef ófyrirséðar breytingar verða á verkinu, s. s. breytingar á magn-tölum, skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa/eftirlitsmanni um þær breytingar áður en haldið er áfram.“

II.

Í máli þessu er deilt um greiðslu fyrir þrjá af verkþáttunum, bendinet, undirmúrhúðun og yfirmúrhúðun. Veggi hússins skyldi einangra að utanverðu og bendinetið lagt utan á einangrunina. Samkvæmt samningi málsaðila skyldu einingar í hverjum einstökum hinna umdeildu þátta vera jafnmargar, 426 fermetrar. Hins vegar átti heildarflatarmál einangrunar að vera 518 fermetrar samkvæmt samningnum.

Lokaúttekt á verkinu og uppgjör áfrýjanda og Framkvæmdasýslu ríkisins á greiðslum samkvæmt aðalverksamningnum fór að sögn áfrýjanda fram í mars 1997. 3. apríl 1997 sendi áfrýjandi stefnda tékka, að fjárhæð 224.791 króna. Heldur hann fram, að með þessari fjárhæð hafi hann lokið fullri greiðslu endurgjalds, sem stefndi átti rétt á fyrir verkið. Miðast fjárhæðin við, að magn bendinets, undirmúrhúðunar og yfirmúrhúðunar hafi hvers um sig orðið 444 fermetrar í stað 426 fermetra, sem gert var ráð fyrir verksamningi. Tékka þennan innleysti stefndi ekki.

Málsaðilar fólu Ingvari Á. Guðmundssyni málarameistara að mæla þá fleti, sem þeir deila um. Samkvæmt greinargerð hans 17. september 1997 kom í ljós við mælingar, sem gerðar voru 18. júní 1997, að múrhúðun útveggja undir yfirborði endanlegrar jarðvegs-hæðar náði lengra niður en áfrýjandi heldur fram, að átt hafi að vera, ef farið hefði verið í einu og öllu eftir samningi aðila. Niðurstaða í greinargerðinni um fjölda fermetra samkvæmt verklýsingu var hin sama og áfrýjandi lagði til grundvallar, þegar hann bauð stefnda uppgjör 3. apríl 1997, það er 531 fermetri einangrunar, en 444 fermetrar bendinets, undirmúrhúðunar og yfirmúrhúðunar. Hins vegar kom fram í greinargerðinni, að stærð þeirra flata, sem stefndi vann í raun við og skilaði frágengnum, væri þessi: einangrun

531 fermetri, bendinet 463 fermetrar, undirmúrhúðun 531 fermetri og yfirmúrhúðun 474 fermetrar.

Reikningar stefnda fyrir verkið voru dagsettir á tímabilinu frá 12. febrúar til 30. júlí 1996. Samkvæmt sundurliðun, sem lá til grundvallar þeim, voru unnar einingar í heild fleiri, 531 fermetri vegna einangrunar, 531 fermetri vegna bendinets, 531 fermetri vegna undirmúrhúðunar og 472 fermetrar vegna yfirmúrhúðunar. Eru þetta sömu tölur og síðar kom í ljós, að Framkvæmdasýsla ríkisins lagði til grundvallar, þegar áfrýjanda voru greidd verklaun eftir aðalverksamningnum, en það mun hafa verið í mars 1997.

III.

Í grein 7.1.2 í útboðs- og verklýsingu frá júlí 1995 segir, að einangra skuli 600 mm niður fyrir yfirborð jarðvegs, og í grein 7.1.5, að uppsetning bendinets skuli miðast við, að múrhúð nái 200 mm niður fyrir yfirborð jarðvegs. Um undirmúrhúðun segir í grein 7.1.6, að draga skuli upp eða sprauta undirmúr á einangrun þannig, að bendinetið sé að mestu hulið. Í grein 7.1.7 segir, að trefjabundinn múr, semkís M-240, skuli settur á undirmúrinn.

Eins og fyrr greinir, miðaði stefndi reikningsgerð sína við, að unnar einingar væru 531 fermetri vegna einangrunar, 531 fermetri vegna bendinets, 531 fermetri vegna undirmúrhúðunar og 472 fermetrar vegna yfirmúrhúðunar. Einingafjöldi er með öðrum orðum hinn sami fyrir fyrstefnda þrjá verkþætti. Samkvæmt því virðast bæði net og undirmúr hafa verið lögð á alla einangrunina gagnstætt því, sem gert var ráð fyrir í útboðs- og verklýsingu. Einnig virðist yfirmúr ekki hafa verið látinn á allan undirmúrinn, en eftir verklýsingu átti að þekja hann allan með semkís M-240.

Af greinargerð Ingvars Á. Guðmundssonar og framburði hans fyrir dómi má ráða, að múrað hafi verið niður fyrir bendinet á bera steinullareinangrun. Taldi vitnið, að með því hefði ótvírætt verið vikið frá þeim ákvæðum í grein 7.1 í útboðs- og verklýsingu, sem rakin voru hér á undan. Vitnið bar einnig, að samkvæmt svokölluðu ímúr-kerfi ætti að múra yfir einangrun, eins og stefndi hefði látið gera. Margsinns spurt sagði vitnið „útboðsgögn kveða á um það, að yfirmúrinn skuli fara í minni dýpt en einangrunin og bendinetið.

Það eru frávik frá ímúr-kerfinu“. Verður að skilja framburð vitnisins svo, að með útboðsgögnum eigi hann við áðurnefnd ákvæði í greinum 7.1.2 til 7.1.6. Engar viðhlítandi upplýsingar liggja fyrir í málinu, hvað nánar felist í svonefndu ímúr-kerfi.

Torfi Gunnarsson hafði eftirlit með verkinu fyrir hönd aðalverkkaupa, Framkvæmdasýslu ríkisins. Kvað hann eftirlitsmann frá stofnuninni hafa verið daglega á verkstað. Bjarni Kristinsson, verkstjóri áfrýjanda, skýrði svo frá fyrir dómi, að í sínum verkahring hefði verið að sjá um öll samskipti við starfsmenn stefnda á verkstað.

IV.

Áðurnefndur Torfi staðfesti fyrir dómi bréf Framkvæmdasýslu ríkisins 27. ágúst 1997 til lögmanns stefnda þess efnis, að áfrýjanda hefðu verið greidd verklaun fyrir eftirfarandi: bendinet 531 fermetri, undirmúr M-140 531 fermetri og semkís M-240 472 fermetrar. Vitnið lýsti einnig þeirri skoðun sinni, að rétt hefði verið að greiða aðalverktakanum fyrir þetta magn, enda hefði aukning á magntölum ekki verið óeðlilega mikil.

Hvorki er deilt um, að stefndi vann verk sitt á annan hátt en gert var ráð fyrir í verklýsingu, né að umfang þess hafi af þeim sökum orðið meira en verksamningurinn 12. október 1995 kvað á um. Ástæður frávika af hálfu stefnda hafa ekki verið skýrðar að fullu.

Stefndi vann verk sitt undir eftirliti verkstjóra áfrýjanda og fulltrúa aðalverkkaupa. Verður að ætla, að þeim hafi, meðan á því stóð, verið vel ljóst, að það var ekki unnið í fullu samræmi við upphaflegan samning, enda mátti það blasa við þeim þegar vegna þess, að stefndi þakti einangrun með múr allt niður að neðsta borði hennar gagnstætt því, sem ráðgert var í útboðs- og verklýsingu. Ekkert er komið fram um, að eftirlitsmennirnir hafi á verktímanum hreyft athugasemdum við, að stefndi viðhafði nokkurt annað verklag en ráðgert var í útboðsgögnum. Áfrýjandi virðist ekki heldur hafa andmælt reikningum, sem stefndi sendi honum í mars og maí 1996, enda þótt þeir sýndu greinilega meira efnismagn en hann telur sér nú skylt að greiða fyrir. Af þessum ástæðum verður ekki fallist á, að hald sé í þeirri mótbáru áfrýjanda, að sýkna beri hann sökum þess,

að stefndi hafi vanrækt að gæta ákvæða 4. gr. verksamnings um skyldu til að tilkynna verkkaupa um ófyrirséðar breytingar á umfangi verksins.

Þegar litið er til framburðar Torfa Gunnarssonar, verður ekki annað séð en ástæða þess, að aðalverkkaupinn Framkvæmdasýsla ríkisins greiddi áfrýjanda að fullu fyrir sama magn og málsaðilar deila um, það er 531 fermetra bendinets og undirmúrs og 472 fermetra yfirmúrs, hafi verið sú, að stofnunin taldi magn þetta hafa verið nauðsynlegt, til að umsömdu verki yrði lokið á viðunandi hátt.

Samkvæmt framansögðu verður staðfest sú niðurstaða héraðsdóms, að áfrýjanda sé skylt að greiða stefnda 597.127 krónur, en þeirri fjárhæð er ekki andmælt tölulega.

Varakrafa áfrýjanda um lækkun á kröfu stefnda lýtur eingöngu að dráttarvöxtum. Einkum andmælti áfrýjandi kröfu um dráttarvexti af reikningi stefnda frá 12. febrúar 1996, alls 938.490 krónur. Vexti af þeim reikningi taldi hann sig hafa greitt sérstaklega, en krafa um þá hefði verið gerð í reikningi stefnda 6. mars 1996, að fjárhæð 30.382 krónur. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll stefndi frá kröfu samkvæmt fyrrgreindum reikningi, sem eftir málatilbúnaði hans var greiddur af áfrýjanda 19. apríl 1996. Breytti hann dómkröfum sínum í samræmi við það. Önnur mótmæli áfrýjanda við kröfum um dráttarvexti eru ekki studd rökum, sem hald er í.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 597.127 krónur með dráttarvöxtum, eins og greinir í héraðsdómi, allt að frádregnum 30.382 krónum, sem greiddar voru 19. apríl 1996.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Friðjón og Viðar ehf., greiði stefnda, Múr- og málningarþjónustunni Höfn ehf., 597.127 krónur ásamt dráttarvöxtum, eins og greinir í héraðsdómi, allt að frádregnum 30.382 krónum, sem greiddar voru 19. apríl 1996.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1998.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Múr- og málningarþjónustunni Höfn hf., kt. 660190-2019, Réttarhálsi 2, á hendur Friðjóni og Viðari ehf., kt. 440194-3979, Strandgötu 33, Hafnarfirði, með stefnu, sem birt var 27. október 1997.

Dómkröfur stefnanda eru, að hinu stefnda félagi verði gert að greiða stefnanda 597.127 kr. auk dráttarvaxta, sem Seðlabanki Íslands ákveði skv. 20. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, af 938.490 kr. frá 1. mars 1996 til 1. apríl 1996, af 1.586.074 kr. frá 1. apríl 1996 til 10. apríl 1996, af 654.932 kr. frá 10. apríl 1996 til 19. apríl 1996, af 9.967 kr. frá 19. apríl 1996 til 1. júní 1996, af 767.126 kr. frá 1. júní 1996 til 7. júní 1996, af 569.358 kr. frá 7. júní 1996 til 21. júní 1996, af 272.901 kr. frá 21. júní 1996 til 1. júlí 1996, af 1.709.454 kr. frá 1. júlí 1996 til 5. júlí 1996, af 1.468.057 kr. frá 5. júlí 1996 til 16. júlí 1996, af 475.234 kr. frá 16. júlí 1996 til 1. ágúst 1996, af 694.249 kr. að frádregnum 97.122 kr. eða 597.127 kr. frá 1. ágúst 1996 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar.

Gerð er krafa um, að dráttarvöxtum af hverjum hluta kröfunnar sé bætt við höfuðstól hennar á tólf mánaða fresti og dráttarvextir síðan reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól.

Dómkröfur stefnda eru, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Til vara er þess krafist, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður kröfu sína reista á reikningum, sem stefnda voru gerðir skv. verksamningi, dags. 12. október 1995, að fjárhæð 3.998.801 kr.

Stefnandi og stefndi hafi gert með sér verksamning, þar sem stefnandi sem undirverktaki taki að sér ímúr-múrkerfi skv. verklýsingu fyrir Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga skv. einingarverði og magnskrá fyrir stefnda sem aðalverktaka. Í verksamningi þessum sé gert ráð fyrir eftirfarandi magntölum: bendinet 426 fm, múrhúðun undirmúr M-140 426 fm, slétthúðaðir fletir, semkís M-240 426 fm.

Er verki var lokið, hafi það verið mælt af Mælingastofu múrara og síðar af E.G.-verkþjónustu að viðstöddum fulltrúum stefnanda og stefnda. Niðurstaða mælinganna hafi verið sú, að magntölur hefðu hækkað, þ. e., að stefnandi hefði múrað fleiri fermetra en gert var ráð fyrir í verksamningi aðila. Samkvæmt samningnum skyldi greiða fyrir unnið verk innan tveggja vikna, frá því að stefndi fékk reikninga í hendur.

Stefnda hafi verið sendir reikningar sem hér segir:

12. febrúar	1996	938.490 kr.	
6. mars	–	30.382 kr.	
13. mars	–	617.202 kr.	
15. maí	–	574.803 kr.	Kreditnóta á móti reikn. 574.803 kr.
15. maí	–	757.159 kr.	
28. júní	–	1.436.553 kr.	
30. júlí	–	213.486 kr.	Kreditnóta á móti reikn. 213.486 kr.
30. júlí	–	219.015 kr.	

10. apríl 1996 hafi verið greitt inn á kröfuna 950.000 kr., þar af hafi 18.858 kr. farið til greiðslu á dráttarvöxtum og 931.142 kr. til lækkunar á höfuðstól.

19. apríl 1996 hafi verið greitt inn á kröfuna 647.584 kr., þar af hafi 2.620 kr. farið til greiðslu á dráttarvöxtum og 644.964 kr. til lækkunar á höfuðstól.

7. júní 1996 hafi verið greitt inn á kröfuna 200.000 kr., þar af hafi 2.232 kr. farið til greiðslu á dráttarvöxtum og 197.768 kr. til lækkunar á höfuðstól.

21. júní 1996 hafi verið greitt inn á kröfuna 300.000 kr., þar af hafi 3.543 kr. farið til greiðslu á dráttarvöxtum og 296.457 kr. til lækkunar á höfuðstól.

5. júlí 1996 hafi verið greitt inn á kröfuna 245.649 kr., þar af hafi 4.252 kr. farið til greiðslu á dráttarvöxtum og 241.397 kr. til lækkunar á höfuðstól.

16. júlí 1996 hafi verið greitt inn á kröfuna 1.000.000 kr., þar af hafi 7.177 kr. farið til greiðslu á dráttarvöxtum og 992.823 kr. til lækkunar á höfuðstól.

Eftirstöðvar kröfu stefnanda séu því 694.249 kr., en frá dragist 97.122 kr. vegna óutgefins kreditreiknings. Eftir standi því 597.127 kr., sem séu stefnu-fjárhæð máls þessa.

Síðasti reikningurinn hafi verið sendur stefnda 30. júlí 1996. Vanskil hafi orðið á greiðslunni og stefnda því sent innheimtubréf lögmanns, dags. 14. janúar 1997.

Bréfinu hafi verið svarað 3. apríl 1997 og stefnanda þar tilkynnt, að Framkvæmdasýsla ríkisins viðurkenndi ekki að öllu leyti magn og fjárhæðir, sem stefndi krefðist, en hefði greitt samkvæmt uppgjöri, sem talið er upp í bréfinu. Samkvæmt bréfinu hafi FR greitt stefndu fyrir færri múraða fermetra en stefnandi krafðist. Meðfylgjandi var tékki, að fjárhæð 224.791 kr. Af hálfu stefnanda hafi greiðslu þessari verið hafnað sem fullnaðar- og lokagreiðslu. Lögmanni stefnda hafi verið sent bréf og óskað eftir því, að hann léti vita, hvort líta skyldi á greiðsluna sem innborgun, hvort stefndi vildi draga hana til baka eða hvort hann vildi, að greiðslunni yrði veitt viðtaka með fyrirvara. Ekkert svar hafi borist við bréfi þessu og tékkinn því ekki verið innleystur.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hafi stefnandi ekki fengið í hendur mælingu FR, sem stefndi hafi reist mótmæli sín á. Lögmanni stefnanda hafi síðan verið sent mælingarblað stefnanda sjálfs, en á það hafi verið skrifaðar tölur og fjárhæðir. Hafi stefnanda þótt ljóst, að hér væri ekki um mælingu og úttekt FR að ræða. Lögmenn aðila hafi því ákveðið að komast að raun um, hver sá fermetrafjöldi væri, sem múraður hefði verið. Hafi Ingvar Guðmundsson málarameistari verið fenginn til þess að sjá um það verk. Mæling hafi farið fram 10. júní 1997 að viðstöddum fulltrúum beggja aðila. Hafi báðir lýst yfir því, að þeir væru reiðubúnir að hlíta niðurstöðum mælingarinnar.

26. júní 1997 hafi niðurstöðurnar ekki verið komnar. Þá hafi lögmaður stefnanda óskað eftir því, að FR léti í té upplýsingar um það, fyrir hve marga fermetra stefnda hafi verið greitt af bendineti, múrhúðun, undirmúr, M-140, slétthúðuðum flötum, M-240. FR hafi neitað að láta þessar upplýsingar í té að höfðu samráði við lögmann stofnunarinnar. Lögmaður stefnanda hafi kært synjunina til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Úrskurður nefndarinnar hafi fallið 22. ágúst 1997 og FR gert skylt að veita lögmanni stefnanda umbeðnar upplýsingar.

Upplýsingarnar hafi verið sendar í bréfi, dags. 27. ágúst 1997. Hafi þá komið í ljós, að stefndi hafi fengið greitt hjá FR fyrir sama fjölda fermetra og stefnandi hafði gefið upp að hafa múrað og krafið um greiðslu fyrir. Framkvæmdasýsla ríkisins hafi því virst komast að sömu niðurstöðu með mælingum sínum og úttekt og stefnandi.

Stefnandi hafi unnið verk fyrir stefnda skv. skriflegum samningi þar um. Í 4. gr. samningsins sé gert ráð fyrir, að breytingar geti orðið á magntölum, svo sem algengt sé um slík verk. Stefndi hafi ekki viljað greiða fyrir það efnismagn, sem unnið var fyrir, þrátt fyrir það að allar mælingar hafi sýnt, að það magn sé rétt og stefndu fengið greitt fyrir það hjá aðalverkkaupa. Stefndi hafi við mælingu 10. júní 1997 lofað að hlíta niðurstöðu þeirrar mælingar. Þrátt fyrir þá niðurstöðu hafi stefndi ekki ennþá greitt. Sé stefnandi því neyddur til þess að höfða mál gegn stefnda til heimtu eftirstöðva verk-samnings þeirra. Byggir stefnandi kröfur sínar á almennum reglum kröfu- og samningaréttar. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnda.

Mál þetta snýst um lokauppgjör stefnanda og stefnda vegna vinnu stefnanda sem undirverktaka við múrverk utanhúss í Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga. Stefndi hafi verið lægstbjóðandi og aðalverktaki í 1. útboði við

byggingu Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga við Fossaleyni í Reykjavík, sem reist hafi verið á árunum 1995 til 1996. Hafi Framkvæmdasýsla ríkisins verið verkkaupi f. h. félagsmálaráðuneytisins. Tilboð stefnda hafi tekið til allra verkþátta útboðsins, jarðvinnu, byggingar hússins og fullnaðarfrágangs þess að utan, og byggst á útboðs- og verklýsingu, dags. í júlí 1995.

Til þess að annast nokkra verkþætti við bygginguna hafi stefndi gert verksamning við undirverktaka, þ. á m. stefnanda, vegna múrverks að utan. Sá verksamningur hafi verið gerður 12. október 1995.

Í 2. gr. samningsins hafi verið fjallað um magntölur verksins, einingarverð og heildarsamningsfjárhæð.

Í 3. gr. hafi verið talin upp þau gögn, sem hafi talist hluti af verksamningi, þ. m. t. verklýsing fyrir Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga. Jafnframt hafi verið þar ákvæði um framlagningu reikninga og greiðslur.

Í 4. gr. samningsins hafi verið kveðið á um breytingar á verkinu, og hljóði hún svo: „Ef ófyrirséðar breytingar verða á verkinu, s. s. breytingar á magntölum, skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa/eftirlitsmanni um þær breytingar, áður en haldið er áfram.“

Stefnandi hafi gert stefnda reikninga eftir framvindu verksins, og hafi þeir verið greiddir reglulega, allt þar til komið hafi að lokareikningum í júní og júlí 1996. Stefndi hafi ekki talið sig geta annast lokauppgjör við stefnanda, þar sem magntölur í þremur verkþáttum hans hafi þá hækkað verulega, í bendinet, undirmúr og yfirmúr. Stefndi hafi mótmælt magnaukningunni við stefnanda, en stefnda hafi aldrei verið tilkynnt um breytingar á magntölum, sem stefnanda hafi þó borið að gera samkvæmt 4. gr. verksamningsins.

Að áliti stefnda hafi magnaukningin stafað af því, að hann hafi ekki fylgt verklýsingu í a. m. k. tveimur veigamiklum atriðum. Annars vegar hafi hann lagt bendinet og múrhúðað lengra niður fyrir jarðvegssyfirborð en verklýsing hafi kveðið á um. Hins vegar hafi hann virst reikna magntölur með öðrum hætti en verklýsing hafi kveðið á um, þ. e. ekki sem „frágengna, múrhúðaða fleti“.

Endanleg úttekt verksins og uppgjör stefnda og verkkaupa, Framkvæmdasýsla ríkisins, hafi farið fram í mars 1997. Eftir það hafi stefndi greitt stefnanda þá fjárhæð, sem hann hafi talið vangoldna miðað við endanlegt uppgjör, 224.791 kr. Miðað hafi verið við það, að magntölur í bendineti, undirmúr og yfirmúr hafi aukist um 18 fm, úr 426 í 444. Sá útreikningur miðist algerlega við verklýsingu. Stefndi hafi hafnað þessu uppgjóri og haldið fast við fyrri kröfur sínar um uppgjör og samkvæmt sínum magntölum þannig: bendinet 531 fm, yfirmúr 531 fm og undirmúr 472 fm.

Í júní 1997 hafi orðið að samkomulagi með aðilum að fela Ingvari Guðmundssyni málarameistara að mæla og reikna út magntölur hinna þriggja verkþátta, sem ágreiningur hafi staðið um. Hafi verið fastmælum bundið, að aðilar hlíttu niðurstöðu Ingvars.

Mælingar Ingvars Guðmundssonar hafi farið fram á verkstað 18. júní 1997 að báðum aðilum viðstöddum. Áður hafi aðilar sammælt um, að mælingar yrðu gerðar undir umsjón Ingvars og mælingastofu múrarafélagsins og samkvæmt sömu forsendum og í útboðsgögnum um verkið.

Niðurstaðan af útreikningum Ingvars Guðmundssonar á ofangreindum verkþáttum komi algerlega heim og saman við útreikninga stefnda, þegar stuðst sé við verklýsingu, þ. e. 444 fm. Hins vegar og eðlilega komi aðrar tölur fram, þegar farið sé út fyrir verklýsingar og unnið umfram fyrimæli útboðsgagna.

Stefndi telur, að hann beri enga ábyrgð á því, að stefnandi hafi unnið umfram skýlaus ákvæði verklýsingar. Sér beri því ekki að greiða fyrir þau verk. Verklýsing hafi verið hluti af verksamningi milli stefnanda og stefnda, og við þá verklýsingu hafi átt að styðjast við vinnu stefnanda, nema um annað væri sérstaklega tilkynnt, sbr. 4. gr. verksamningsins. Aðalverksamningur stefnda og verkkaupa og endanlegt uppgjör þeirra í milli komi stefnanda ekki við. Stefnandi hafi ekki verið aðili að þeim samningi eða síðara samkomulagi, og beri stefnda engin skylda til að upplýsa hann um niðurstöðu þess uppgjörs, hvað þá, að nokkur skylda hvíli á honum að láta stefnanda njóta þess uppgjörs, hvorki í magntölum né einingarverði.

Stefndi hafi þegar greitt stefnanda alla vinnu hans samkvæmt þeim verksamningi, sem þeir hafi gert með sér, og stefndi eigi því ekki heimtingu á frekari greiðslum. Fráleitt sé að telja, að stefndi geti reist kröfugerð sína á samningi milli stefnda og verkkaupa, samningi, sem stefnandi hafi ekki verið aðili að.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til þess, að stefnandi hafi ekki fært fram nein rök fyrir þeim kröfum sínum, að hann eigi rétt á frekari greiðslum úr hendi stefnda samkvæmt þeim verksamningi, sem þeir hafi gert með sér, geri stefndi þá kröfu, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Varakrafa stefnda um verulega lækkun stefnukröfunnar lýtur eingöngu að þeim dráttarvöxtum, sem stefnandi hafi gert kröfu til í stefnu. Stefnandi telur, að stefnandi geti hugsanlega fært að því rök, að greiðslur hafi ekki ævinlega verið greiddar í samræmi við ákvæði verksamnings, þ. e. innan tveggja vikna frá viðtöku reikninga. Þannig telur stefndi, að vaxtaskuld sín við stefnanda geti í mesta lagi verið 19.824 kr. Hins vegar mótmælir hann

kröfu stefnanda um dráttarvexti af einum reikningi hans, þar sem hann hafi strax verið greiddur með víxli, svo og kröfu hans vegna lokareiknings og uppgjörs. Stefndi hafi innt lokagreiðslu sína tafarlaust af hendi til stefnanda, þegar fyrir hafi legið, að verkkaupi hafi samþykkt þá magnaukningu, sem stefndi hafi gert kröfu til við lokauppgjör um verkið.

Til stuðnings sýknukröfu sinni vísar stefndi til verksamnings aðila og verklýsingar svo og almennra reglna verktakaréttar um verksamninga. Jafnframt sé vísað til þeirrar meginreglu samningaréttar, að samninga skuli halda og greiða réttmætar kröfur. Varakrafan sé reist á ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, einkum 3. mgr. 19. gr. og 13. gr. laganna. Krafa um málskostnað úr hendi stefnanda styðjist við 129. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Framburður vitna.

Vitnið Sigurvin Ármannsson, forsvarsmaður stefnanda, gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst vitnið hafa unnið við verk það, sem deilt er um, og kvað verkið hafa verið fólgið í því að setja ímúr-klæðningu utan á húsið. Veggir hafi verið einangraðir með steinull, net sett yfir, því næst undirmúr og þá yfirmúr, svokölluð múrklæðning. Á staðnum hafi verið verkstjóri yfirvertaka, og allt, sem hafi verið unnið þarna, hafi verið gert í samráði. Þeir hafi í raun verið undir hans stjórn. Búið hafi verið að grófjafna lóðina og hann ekki vitað betur en múra ætti niður að þeirri hæð. Síðan kæmu ofan á þetta einhverjir 20 cm, sem sé fullfrágengin lóð. Verkstjórinn á staðnum hafi ekki gert neinar athugasemdir við þetta, en vitnið hafi verið þarna í vikur og mánuði. Vitnið hafi verið í mjög góðu samráði og sambandi við verkstjórnann, sem heiti Bjarni og hafi verið í vinnu hjá stefnda. Við verklok hafi stefndi beðið um lokauppgjör á verkinu. Það hafi látið mann frá mælingastofu Múrarafélags Reykjavíkur mæla allt verkið, og hafi hann gert það sömu forsendum og útboðsgögn segi til um. Þær magntölur hafi hann sett fram, og sé uppgjorið á síðasta reikningi í samræmi við það. Vitnið kvaðst hafa greitt mönnum sínum eftir þessum tölum nákvæmlega samkvæmt mælingunni, eins og mennirnir unnu, og ekki vitað annað en það væri í góðu lagi. Vitnið kvaðst hafa sent þetta uppgjör til Friðjóns og Viðars. Stefndu hafi mótmælt magntölum rétt eftir dagsetningu lokareiknings árið 1996. Lægri magntölur hafi verið í gögnunum. Eftirlitsmenn hjá Framkvæmdasýslu ríkisins hafi hins vegar samþykkt magntölur frá stefnanda. Vitnið kvað verklýsingu ekki hafa sagt neitt til um það, hversu langt niður ætti að múra. Verklýsing segi aðeins, að múrhúða eigi þetta hús. Enginn kvóti hafi verið gefinn upp á teikningunni, og hæðarkvóti hafi aldrei borist sér eða

mönnum sínum. Í verklýsingu segi, að múra skuli 200 mm niður fyrir jarðvegsyfirborð, en hvar jarðvegsyfirborðið ætti að vera, hafi þeir aldrei verið látnir vita. Þeir hafi því múrað þetta eins og lóðin er ca. grófjöfnuð. Almenna reglan sé sú, að lóð sé grófjöfnuð í einhverja sérstaka hæð og að þeirri hæð yfirleitt múrað, en ofan á hana komi um 20 cm. Vitnið kvað það ekki hafa legið fyrir, fyrr en verkið var mælt í verklok, að magntölur hefðu hækkað.

Vitnið kvað almennu regluna vera þá í ímúr-múrkerfinu, að undirmúr og net væri dregið talsvert niður á sökkulinn, en síðan væri múr settur á ullina, ef hún væri ekki varin með „dren“-dúk eða einhverju slíku. Alltaf þurfi að verja ullina. Þetta hafi verið gert þarna. Þeir hafi farið með undirmúrinn at-hugasemdalaust og allir vitað af því, eftirlitsmaður að verkinu og verk-kaupi, þ. e. stefndi, verkstjóri stefnda. Þeir hafi farið með undirmúrinn dálítið niður á ullina til þess að verja hana fyrir vatni og ágangi. Algjörlega hafi verið unnið í samræmi við verklýsingu.

Vitnið var spurt að því, hvers vegna einangrað hefði verið 70 cm, þegar verklýsing segi, að einangra skuli 600 mm niður fyrir jarðvegsyfirborð. Vitnið spurði þá, við hvað væri miðað, hvaða jarðvegsyfirborð væri miðað við. Þeir hafi ekki haft minnstu hugmynd um jarðvegsyfirborð. Vitnið var spurt að því, hvort þeir hefðu vitað um gólfkvóta. Vitnið kvað engan kvóta hafa legið fyrir á endanlegri múrhúðun á sökkul.

Vitnið var beðið um skýringu á því, hvers vegna múrað hefði verið niður einangrunina alla, fyrst bendinetið hafi aðeins náð 40 cm niður. Vitnið kvað það gert til að verja einangrun fyrir vatni. Undirmúrinn fari alltaf aðeins lengra en yfirmúrinn, kannski 10–20 cm. Gott sé að verja ullina, svo sem komið hafi fram, þó að verklýsing segi ekki neitt til um það, að þetta ætti að fara aðeins niður fyrir netið.

Vitnið kvaðst hafa sagt verkstjóra, að jarðvegskvóta vantaði. Hann mundi ekki svör hans, en samkomulag hefði verið um það að múra niður í þessa hæð. Verklýsing hafi ekki verið tæmandi, hafi ekki getið um kvóta frá gólfplötu.

Vitnið kvaðst hafa haft orð á því í upphafi, að sér væri látinn í té jarðvegskvótinn. Vitnið kvaðst síðan hafa látið mæla verkið. Gísli Dagsson frá mælingastofu Múrarafélags Reykjavíkur hafi séð um mælingu í samræmi við þær forsendur, sem verklýsing segi til um.

Vitnið kvað villandi að tala um verklýsingu, þannig séð. Hann hafi verið spurður, hvort magnmælt hafi verið eftir verklýsingu. Allt, sem sé múrað á, sé magnmælt. Verklýsingin segi ekki til um það, hversu neðarlega hafi átt að múra, því að enginn hafi vitað um jarðveginn. Vitnið kvað þetta hafa

verið rætt og verkið verið unnið svona með allra vitund, bæði eftirlitsmanns frá Framkvæmdasýslu ríkisins, sem hafi verið í daglegu eftirliti, og verkstjóra, sem hafi verið þarna daglega. Vitnið kvaðst hafa verið þarna daglega í hálfan annan til tvo mánuði og engar athugasemdir verið gerðar við þennan verkþátt, ekki neinar. Það hefði mætt stöðva múrara strax, ef talið hefði verið, að hann færi eitthvað út fyrir verklýsingu.

Vitnið Bjarni Kristinsson, húsasmiður og verkstjóri hjá stefnda, kom fyrir dóm og gaf skýrslu. Kvaðst vitnið hafa verið verkstjóri á staðnum og annast öll samskipti við stefnanda á verkstað.

Vitnið bar, að Einar Helgason hefði beðið um jarðvegshæð fyrir verkfund 12. janúar 1996. Hefði vitnið borið fram fyrirspurnina á fundinum og Kanon-arkítektar svarað henni bréflega. Vitnið hafi síðan komið upplýsingum um hæðarkvóta munnlega til Einars Helgasonar múrara, daginn eftir að bréfið barst honum.

Vitnið kvaðst hafa verið farið af staðnum, þegar komið hafi verið að múrhúðun. Verkþætti hefði verið lokið þarna öðru en múrverki og ekki talin ástæða til að halda úti verkstjóra á staðnum fyrir múrverk eingöngu. Bendinettið hafi verið sett á samkvæmt verklýsingu. Vitnið bar, að jörð í kringum húsið hefði ekki verið í endanlegri hæð, þegar múrverk hófst, en jarðvegssýfirborð verið 15 cm neðan við einangrun.

Vitnið var spurt að því, hvort það gæti staðist hjá stefnanda, að verið hafi eftir að setja 20 cm jarðveg ofan á. Bar vitnið, að upp við húsið hefði verið eftir að setja meira. Hefði ekki verið búið að fylla að húsinu.

Vitnið var spurt að því, hvers vegna verkstjóranum Sigurvin Ármannssyni hefði ekki verið sagt, hver hæðarkvótinn væri. Vitnið kveðst hafa það fyrir starfsvenju að láta þann, sem verkið vinni, hafa upplýsingarnar, það sé fljótvirkari aðferð, þar sem Sigurvin hafi ekki verið að staðaldri á staðnum, heldur komið öðru hverju.

Vitnið Torfi Gunnarsson, tæknifræðingur og eftirlitsmaður hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið kvaðst hafa haft eftirlit með umþrættu verki frá því í ársbyrjun 1996 og tekið verkið út við verklok, en ekki mælt verkið. Mæling hafi verið lögð fram og hún yfirfarin samkvæmt teikningum. Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna, hver útkoman hefði verið, en ágreiningur verið um magn. Hefði hann sent lögmanni stefnanda bréf í ágúst þar að lútandi. Vitnið staðfesti, að það magn, sem lögmaður stefnda hefði gefið upp í bréfi, dags. 3. apríl 1997, sé ekki rétt miðað við það magn, sem hann hefði gefið upp í sínu bréfi, dags. 27. ágúst 1997.

Vitnið var spurt að því, hvort það teldi, að stefnandi hefði múrað of mik-

ið. Svaraði vitnið því neitandi. Hann kvaðst hafa farið yfir magnið í reiknivél eftir blöðum, og þá sé bendinetið 444 fm skv. bréfi, dags. 3. apríl, en 531 fm skv. sínu bréfi. Sama eigi við um undirmúr. Aukning hafi verið þar og einnig í semkís 240, þar sem sé örlítil aukning. Vitnið var spurt að því, hvort það teldi, að sú magnaukning, sem varð, hafi verið eðlileg magnaukning frá verklýsingu. Vitnið kvað það alltaf geta komið fyrir, að fletir gleymdust í magntöku, og sé þá sú magnaukning, sem sé sannanleg, greidd eftir einingarverði.

Vitninu var bent á, að ágreiningur aðila stæði um það, hvort stefnandi hefði múrað of langt niður á sökkulinn. Vitnið kvaðst ekki halda það; það magn, sem þeir múruðu, fengju þeir greitt, þeim bæri að múra samkvæmt verklýsingu. Vitnið kvaðst ekki telja, að þeir hefðu farið út fyrir verklýsingu, og hann hefði greitt fyrir það magn, sem hann sé samþykkur, að þeim beri að fá. Vitnið kvað stefnanda hafa getað rakið sig eftir plötu inni til þess að fá jarðvegysfirborð. Vitnið kvaðst ekki hafa setið verkfund 12. janúar 1996, þar sem komið hefði fram, að hæðarkvóta vantaði. Hann hafi greitt stefnda það, sem hann hafi átt að fá, en hann viti ekki, hvernig stefnandi og stefndi hafi samið sín á milli.

Vitnið var spurt að því, hvort algengt væri, að magntölur breyttust. Vitnið kvað það upp og ofan. Yfirleitt væri það „smotteri“ til eða frá, ekki neinar stórar tölur.

Þá var vitnið spurt, hvort hér væri um óeðlilega aukningu að ræða. Svaraði vitnið því neitandi, þetta gæti komið fyrir, og væri þá greitt eftir einingarverði, sem í gildi væri. Uppgjörið hefði dregist, en farið fram á síðasta ári. Það hefði dregist vegna þess, að múrverki hefði verið frestað í byrjun, og vegna ágreinings um frágang, m. a. í múrverki, en líka í öðru, sem hefði verið leyst.

Enn var vitnið spurt að því, þegar það hefði fengið magntölur upp gefnar, hvort það hefði verið dskj. nr. 6, og svaraði vitnið því játandi.

Loks var vitnið spurt að því, hvort það hefði samþykkt þær tölur, sem á skjalinu kæmu fram. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það hefði samþykkt þær allar, en það myndi, að það hefði samþykkt umþrættar tölur, 531, 531 og 472 fm, en það kæmi fram í bréfi vitnisins, sem dags. væri í ágúst.

Vitnið Eggert Guðmundsson byggingafræðingur gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst hafa mælt umþrætt verk tvisvar, einu sinni með Sigurvin Ármannssyni, þegar búið var að einangra húsið, en síðan með Guðna Ingvarsyni, þegar búið var að múra húsið, en Guðni sé múrari og hafi unnið við verkið. Á dskj. nr. 6 sé að finna mælingu Guðna og sína. Vitnið kvaðst aðeins hafa mælt þá fleti, sem voru sýnilegir og sannanlega múraðir. Vitnið

upplýsti, að forsendurnar, sem það hefði miðað við, þegar það var að mæla verkið, hefðu verið þessar: Maður, sem vann verkið, hefði verið að mæla með sér. Hann hefði litið til verklýsingar útboðsgagna, þar sem vitnað væri í ímúr-lýsingu íslenska múrkerfisins. Miðað við þá einangrun, sem sett sé á húsið, þurfi að setja net og undirmúr á í því kerfi samkvæmt verklýsingu Ímúrs, þannig, að á því reisi vitnið sínar magntölur. Vitnið var spurt að því, hvort þetta þýddi, að múra ætti jafnlangt niður og einangrað væri. Svaraði vitnið því játandi, kvað nauðsynlegt að setja undirmúr á ullina samkvæmt ímúr-kerfinu.

Vitninu var bent á, að samkvæmt verklýsingu ætti múrhúðun að ná 20 cm niður fyrir jarðvegsyfirborð. Var vitnið spurt að því, hvort það hefði vitað eitthvað um jarðvegsyfirborð. Vitnið bar, að lóðin hefði ekki verið komin í fulla hæð, þegar þeir hafi unnið mælinguna, og ekki heldur, þegar ullin var mæld; allt hefði verið sundur grafið. Bar vitnið, að búið hefði verið að fylla upp í ákveðna hæð, en búið að múra niður fyrir þá hæð eða uppfyllingarnar á þeim tíma, sem þeir mældu. Eftir hafi verið að ganga frá endanlegri yfirborðshæð.

Vitnið var spurt að því, hvort stefnendur hefðu farið út fyrir eðlileg mörk í múrhúðuninni. Vitnið kvaðst ekki geta lagt mat á það, hvort stefnandi hefði farið niður fyrir 200 mm yfirborð eða ekki, þar sem það hefði ekki vitað, hvar það var.

Vitnið kvaðst aðspurt hafa lesið verklýsingu og útboðsgögn á sínum tíma. Var vitnið þá spurt að því, hvort eitthvert ósamræmi væri í verklýsingu fyrir þetta verk og verklýsingu ímúr-kerfisins. Vitnið kvað oft og tíðum vísað í ímúr-kerfið beint, og stundum séu þeir, sem búi til útboðsgögn, að vinna sig út úr verklýsingu ímúr-kerfisins. Var vitnið þá spurt að því, hvort ímúr-kerfið gerði ráð fyrir, að netja skyldi og múrhúða á alla einangrun. Vitnið kvaðst ekki vita betur en það væri gert og hefði verið gert í ímúr-kerfinu, þannig, að ullin sé varin.

Vitninu var bent á, að í verklýsingu segði, að einangrun skyldi netja 200 mm, hvort það væri þá ekki í andstöðu við ímúr-kerfið. Vitnið kvað það geta verið í andstöðu við ímúr-kerfið, og það gæti líka verið misskilningur hjá hönnuði.

Vitninu var sýnt dskj. nr. 7, bréf frá vitninu til Arnar Höskuldssonar, en þar segir, að einangrun sé 531 fm, og samkvæmt verklýsingu hafi átt að setja net á alla einangraða fleti og sprauta undirmúr á. Hvort þetta sé ekki rangt, þegar verklýsing geri ráð fyrir 200 mm niður fyrir jarðvegsyfirborð. Vitnið kveðst hafa verið með ímúr-verklýsingu í huga, þegar þetta var skrifað. Vitnið benti á, að oft og tíðum væru verklýsingar, sem eru endurritaðar af

hönnuðum, sem liggja fyrir af framleiðendum efnis. Á öðrum stað í útboðsgögnum sé sagt, að fylgja eigi leiðbeiningum framleiðanda og efnun, sem verið sé að vinna með. Oft gleymi hönnuðir að taka tillit til þátta, sem fara skuli eftir, svo sem í ímúr-kerfinu, um það, hvernig ætti að vinna það, og virðist það hafa gerst hér í misræmi, sem fram komi í verklýsingu. Vitnið kvaðst hafa vitnað í verklýsingu ímúr-kerfisins; verklýsing fyrir verkið stangist á við verklýsingu efnisframleiðanda. Aðspurt kvað vitnið ekkert rangt í dskj. nr. 7; fylgja eigi ímúr-kerfinu út í ystu æsar og miðað við, að tveir eftirlitsmenn hafi verið með verkinu, hafi þeir átt að sjá um, að því væri framfylgt.

Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um jarðvegsyfirborð, 200 mm niður fyrir jarðvegsyfirborð, sem ekki hafi verið vitað, hvar ætti að vera, þar sem lóð hafi verið ófrágengin, þegar verkið var múrað. Ekki sé vitað, við hvaða hæðarpunkt sé verið að miða. Samkvæmt kerfinu eigi að sprauta í vírbundna fleti. Þetta segi, að „ulla“ eigi bara 200 mm niður; ullina verði alltaf af verja, ef ekki með undirmúr, þá með einhverju öðru.

Vitnið kvaðst reisa fullyrðingar sínar á því, að fara hefði átt eftir ímúr-kerfinu skv. 7.1.0 í verklýsingu.

Vitnið Ingvar Á. Guðmundsson húsamálari, nú innkaupastjóri Menntaskólans í Kópavogi, gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið kvaðst aðspurt hafa unnið við húsamálun frá sextán ára aldri þar til fyrir níu árum og hafa víðtæka þekkingu á verktakaiðnaðinum af störfum sínum sem málarameistari og sem trúnaðarmaður Málarameistarafélags Reykjavíkur, þar af fimm ár sem formaður, auk starfa fyrir Landssamtök byggingariðnaðarins.

Vitnið, sem kom að málinu sem eins konar matsmaður á sínum tíma, var spurt að því, hvort það hefði mælt hina múruðu fleti á Meðferðarheimili ríkisins fyrir unglinga við Fossaleyni, Reykjavík. Vitnið kvað ekki hafa verið farið út í að vinna endurmælingu á verkinu, eftir að í ljós kom á fundi á verkstað, sem var 18. júní, þar sem allir aðilar hefðu verið viðstaddir, að sá flötur, sem ágreiningur var um, var nánast allur neðanjarðar. Þegar búið hefði verið að grafa niður með húsinu á tveimur stöðum, hefði komið í ljós, að hinn umþrætti flötur var undir endanlegu yfirborði. Menn hefðu verið ásáttir um, að gerð yrði samانبurðarmæling og þeir gert hana. Vitnið kvað ótvírætt, að þarna hefði verið um frávík að ræða frá útboðsgögnum. Það felist í því, að útboðsgögn kveði á um endanlegt yfirborð. Það hefði átt að einangra og fylla í bendinet niður í ákveðna hæð; síðan skyldi koma 20 cm múrhúðun og 45 cm bendinet og einangrun. Dýptin hefði því verið 70 cm samtals. Múrað hefði verið alla leið yfir þessa einangrun samkvæmt

ímúr-kerfinu, eins og það sé lagt upp. Múrarar séu í raun að vinna þá verklýsingu, sem kerfið segi til um. Frávikin frá útboðsgögnum séu þau, að þessi múrhúðun fari í fulla dýpt, og það telji vitnið og stefnandi, að þeir hefðu átt að gera, en stefndi hið gagnstæða. Þá hafi vitnið og aðilar hlotið að skoða ákvörðun um hina endanlegu yfirborðshæð, hvernig hún var tekin og hvernig henni hafi verið komið á framfæri við verktaka og undirverktaka, hver þau mörk skyldu vera. Vegna þessa hafi verið óskað eftir fundargerðum verkfunda til þess að finna, hvort þetta hefði farið formlega fram. Sé alveg ljóst, að í þessum verklegu framkvæmdum, sem fari eftir útboðum og útboðsgögnum, sé mest hætta á mistökum, þegar gerð séu frávik. Ekki sé óalgengt, að gerð séu frávik frá útboðsgögnum, en þá sé farið með þau mál á verkstað á verkfundi, til þess að það komi skýrt fram, hvort verkin skuli unnin og þá hvernig. Það hafi ekki verið gert í þessu tilviki. Fundargerð hafi fundist, þar sem hönnuðir Kanon-arkítekta hf. hafi sent aðalverktaka upplýsingar um endanlegt jarðvegsyfirborð. Ekki finnist fundargerðir eða neitt um það, hvernig því hafi svo verið komið til undirverktaka. Stefnandi múri til þess að tryggja sig, og til að tryggja það að komast nægjanlega djúpt undir jarðvegsyfirborð múri þeir allan flötinn. Þarna liggi hundurinn grafinn. Alveg sé ljóst, að múrararnir hafi talið sig vera að vinna rétt verk og eftir ákvæðum ímúr-kerfisins. Ef ætlunin hefði verið að vinna verkið öðruvísi, hefði þurft að gera undirverktaka sérstaka grein fyrir því. Ef átt hefði að fara eftir útboðsgögnum, verði að vera ljóst, að þau séu ákveðin frávik frá ímúr-kerfinu, vegna þess að þau geri annars vegar ráð fyrir því, að einangrun, bendinet og fylling fari í ákveðna hæð, en ekki sjálf yfirmúrhúðunin, og sé það frávik frá kerfinu. En múrarar hafi ekki viljað hvika frá því. Til þess að tryggja fullnaðarendingu þessa múrkerfis verði að vinna eftir leiðbeiningum þess. Þeir hafi múrað í fulla dýpt, þar sem er einangrað. Það sé samkvæmt ímúr-kerfinu, en útboðsgögnin kveði á um tvær hæðir.

Vitnið var spurt að því, hvort það væri siður í verktakastétt, að aðalverktaki fengi greitt fyrir meira magn en hann greiddi undirverktaka, eða hvort það væri kannski á þann veg, að aðalverktaki fengi greitt hærra verð en undirverktaki. Vitnið var spurt að því, hvort til væru venjur og siðir í þessu. Vitnið kvað svo í raun ekki vera. Hins vegar geri aðalverktaki verkkaupa heildartilboð, en síðan bjóði aðalverktaki verkið út til undirverktaka, og geti undirverktaki í sjálfu sér komið með annað einingarverð og þá væntanlega lægra. Hann er þá að gera tilboð til aðalverktaka, sem er verkkaupi, þannig að þarna geti verið misræmi. Venjan sé hins vegar sú, að aðalverktakar afli þessara undirverktakatilboða fyrir fram og selji þau áfram, svo að bæði magn og verð haldist í hendur. Vitnið kvaðst ekki muna eftir atvikum,

þar sem menn hefðu fengið greitt fyrir annað magn en um væri að ræða, en þar geti annað einingarverð komið til greina.

Vitnið var spurt að því, hvort það teldi eðlilegt, að undirverktaki fengi greitt fyrir sama magn og aðalverktaki. Vitnið kvaðst telja það, því að auðvitað sé ekki um annað að ræða. Það sé ekki rétt söluaðferð að selja tvær stærðir í sama verki, það geti að sínu mati ekki farið saman.

Vitnið var beðið að skýra nánar það frávík, sem það hefði talað um, að verkið væri ekki unnið samkvæmt verklýsingu, heldur farið eftir ímúr-kerfinu, ef einungis sé horft á sökkulinn. Vitnið kvað ímúr-kerfi gera ráð fyrir, að kerfið væri unnið að fullu, það er að segja einangrun, bendinet, undir- og yfirmúr, til þess að fá hið endanlega yfirborð. Þannig skuli ímúr-kerfið duga. Útboðsgögnin kveði hins vegar á um það, að yfirmúr skuli fara í minni dýpt en einangrun og bendinet, og það séu frávík frá ímúr-kerfinu. Bendinet sé endapunktur á kerfinu, og það, sem sé fyrir neðan, sé ekki inni í kerfinu. Sú dýpt skipti máli, hitt sé úðun frá sprautuninni. Meginmálið sé auðvitað það, að múrarnir hafi unnið kerfið sem heild í fulla dýpt, en ekki með tveimur mismunandi hæðarkvótum, eins og verklýsing geri ráð fyrir.

Komið hafi fram í viðræðum við báða aðila, aðallega múrara, sem unnu verkið, að þeir hafi verið að tryggja bæði kerfið og sig með því að vinna kerfið allt í fulla dýpt. Þeim hafi ekki verið ljóst, hvert jarðvegysfirborðið væri, og það sé ef til vill kjarni málsins.

Aðspurt kvað vitnið útboðsgögnin ekki kveða á um yfirmúrinn niður í þessa fullu dýpt, eins og ímúr-kerfið geri ráð fyrir. Aðeins sé talað um 20 cm í útboðsgögnum. Múrdýpt sé frávík frá útboðsgögnum. Það frávík hafi ekki verið endanlega afgreitt með þeim hætti innan veggja fyrirtækjanna, að óyggjandi hefði verið, að þeir ættu að múra í fulla dýpt, svo sem hann hafi rakið hér að framan. Það, sem þeir hafi skoðað, hafi leitt í ljós, að kerfið í heild hafi farið niður í fulla dýpt, 60 cm í stað 20 cm (þ. e. yfirmúr), eins og stefndi hafi gert ráð fyrir. Vitnið kvað verkdýpt vera frávík frá verklýsingu, en í samræmi við verklýsingu í ímúr-kerfinu. Vitnið kvað alla, sem þekki ímúr-kerfið, vera sammála um, að nauðsynlegt sé, að múrarnir vinni verkið í fulla dýpt, svo að ending þess sé tryggð. Ella sé hætta á, að sýrur, en þó einkum raki úr jarðvegi og þensla við frost geti komið af stað skemmdum í múrunum. Ímúr-kerfið sé byggt upp með ákveðinni vatnskápu sem komi í síðasta yfirborði. Ef lög kerfisins fari að aðskilja sig, geti það leitt til viðtakari skemmda, sem leiti þá upp fyrir jarðvegysfirborð.

Aðspurt kvað vitnið það eflaust hafa ráðið gerðum múrara, að þeir hefðu viljað tryggja, að þeir yrðu ekki bótaskyldir vegna þess hugsanlega skaða,

sem hér að framan hefur verið lýst, væri leiðbeiningum kerfisins ekki að fullu fylgt. Út frá þessum faglegu sjónarmiðum hafi þeir unnið kerfið í fulla dýpt, það sé alveg ljóst.

Vitnið Guðni Ingvarsson múrari kom fyrir dóm og gaf skýrslu. Vitnið kvaðst hafa séð um múrverkið á vegum stefnanda, þegar búið hafi verið að leggja einangrun og net. Múrhúðun hafi verið sprautað á alla fleti yfir alla einangrun, yfir netið niður í jörð. Þússað hafi verið ca. 40 cm niður fyrir endanlegt jarðvegisyfirborð, en sprautað á alla einangrun. Vitnið kvað lóð hafa verið grófjafnaða. Verkið sé yfirleitt alltaf þannig unnið, að múrað sé töluvert niður fyrir það, sem upp gefið sé, en hann hafi aldrei fengið nákvæman hæðarkvóta.

Vitnið Einar Helgason hafi látið bendinetið og langur tími liðið, frá því að það var gert og þar til hann hafi múrað. Hann telji, að bendinetið hafi verið látið ca. 40 cm niður fyrir tréverkið, án þess að hann geti fullyrt um það. Aðspurtt kvaðst vitnið ekki hafa fengið nein skilaboð frá Einari um jarðvegskvóta. Langur tími hefði liðið, frá því að Einar lauk sínum verkþætti, þar til vitnið hefði komið til að múra.

Vitnið kvaðst hafa sprautað niður alla einangrun til að hylja allt og verja fyrir vatni. Jarðvegur hafi komið að einangruninni, og með múrhúðuninni komi skil á milli. Múrhúðin detti ekki af; alltaf sé hula, þó að net sé ekki undir. Hann hafi síðan þurft að múra vel niður fyrir. Þannig sé unnið í múrverki, þegar unnið sé í ójafnaðri lóð. Ekki sé verið með nákvæma staðsetningu í huga. Hann hafi aldrei unnið þannig og sé búinn að vinna við þetta í tuttugu ár.

Niðurstaða.

Aðilar deila um túlkun á verksamningi og uppgjör verks á grundvelli hans.

Svo sem ýtarlega hefur verið rakið hér að framan, tók stefnandi að sér múrverk sem undirverktaki, en stefndi var aðalverktaki við byggingu Meðferðarheimilis ríkisins fyrir unglinga við Fossaleyni í Reykjavík. Aðalverkkaupi var Framkvæmdasýsla ríkisins f. h. félagsmálaráðuneytisins.

Hér að framan er það ýtarlega rakið, að við verklok var verkið mælt af mælingastofu múrara og síðar af E.G.-verkbjónustu að viðstöddum fulltrúum stefnanda og stefnda. Var niðurstaða mælinganna sú, að magntölur hefðu hækkað, þ. e., að stefnandi hefði múrað fleiri fermetra en gert var ráð fyrir í verksamningi aðila. Þá var verkið einnig tekið út af Ingvari Á. Guðmundssyni málarameistara.

Óumdeilt er, að múrverk það, sem stefnandi tók að sér að vinna fyrir

stefnda, skyldi unnið samkvæmt ímúr-múrkerfi. Í framburði vitna fyrir dómi er fullyrt, að ákvæði verklýsingar aðila og verkreglur samkvæmt ímúr-múrkerfinu stangist á, því að verklýsingin geri ráð fyrir mismunandi hæðarlínunum niðri í jörðu á bendineti, einangrun og múrhúðum flötum, en ímúr-múrkerfið geri ráð fyrir því, að allt kerfið sé unnið í sömu dýpt.

Enn fremur er óumdeilt, að í verksamningi og verklýsingu hafi ekki verið gefinn upp jarðvegskvóti. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að verkkaupi hafi ekki heldur gefið hann upp. Í vitnaframburði var ýtarlega fjallað um hæðarkvóta, en aðila greinir á um, hvort hann hafi verið látinn í té eður eigi. Í annars ýtarlegri verklýsingu og fundargerðum verkfunda stefnanda og stefnda er hvergi minnst á hæðarkvóta, sem hlýtur þó að teljast mikilvægt, að liggi fyrir við verk sem þetta. Bjarni Kristinsson, sem var verkstjóri stefnda á verkstað, fullyrti fyrir dómi, að hann hefði gefið einum starfsmanna stefnanda upp jarðvegskvótann. Bjarni bar, að hann hefði látið starfsmann stefnanda hafa upplýsingar um jarðvegskvótann munnlega eftir viðræður við arkitekta að verkinu. Ingvar Á. Guðmundsson greindi frá því fyrir dómi, að upplýsingar sem þessar hefðu átt að koma fram á verkfundum stefnanda og stefnda og stefnda borið að koma upplýsingum sem þessum með formlegum hætti til fyrirsvarsmanns stefnanda, en ekki til starfsmanns hans. Þegar litið er til þess, sem hér að framan er rakið, þykir vera ljóst, að stefnanda hafi ekki með sannanlegum hætti verið gerð grein fyrir hæðarkvóta jarðvegs, sem hafi leitt til þess, að múrað var lengra niður fyrir jarðvegsyfirborð en verklýsing gerði ráð fyrir, að gert væri. Þykir rétt, að stefndi beri hallann af því, að ekki telst sannað, að sá kvóti hafi legið fyrir eða verið kynntur stefnanda með skýrum og ótvíræðum hætti.

Sigurvin Ármannsson, forsvarsmaður stefnanda, ásamt vitnunum Eggerti Guðmundssyni byggingafræðingi, Guðna Ingvarssyni múrara og Ingvari Á. Guðmundssyni málara báru allir fyrir dómi, að til þess að hindra steypuskemmdir síðar hefði reynst nauðsynlegt að vinna verkið á þann hátt, sem stefnandi gerði samkvæmt ímúr-múrkerfinu með því að verja ullina með steypuhúð, þ. e. undirmúr. Í verksamningi aðila var gert ráð fyrir, að múrhúðun yrði unnin samkvæmt verklýsingu ímúr-múrkerfisins. Hefur komið fram í málinu, að verksamningurinn með ímúr-múrkerfinu, sem gerir ráð fyrir, að múrkerfið sé allt unnið í sömu dýpt, og verklýsingin, sem gerði ráð fyrir mismunandi hæðarpunktum á ull, neti og múrhúðun, stangast á. Það var samdóma álit þeirra fagmanna, sem gáfu skýrslu fyrir dómi, en framburður þeirra er ýtarlega rakinn hér að framan, að rétt hafi verið af stefnanda að vinna verkið eins og hann hafi gert, í fulla dýpt, ella hefði hann getað bakað sér bótaskyldu síðar vegna hættu á steypuskemmdum.

Vegna þess að stefnandi vann verkið með þessu hætti, varð magnaukning á efni.

Fulltrúi aðalverkkaupa, Torfi Gunnarsson, gaf skýrslu fyrir dómi og bar, að hér hefði ekki verið um óeðlilega magnaukningu að ræða, enda hefði framkvæmdasýslan greitt aðalverktaka, stefnda í málinu, athugasemdalaust fyrir það magn, sem hann hefði sett upp. Vitnið kvað það ekki óalgengt, að magnaukning yrði í verki, svo sem varð í þessu tilviki. Það var og álit annarra vitna, sem gáfu skýrslu fyrir dómi. Stefndi krafði framkvæmdasýsluna um greiðslu fyrir það magn, sem stefnandi krafði stefnda um greiðslu á, en stefndi synjaði stefnanda um greiðslu fyrir sama magn. Vitnið Ingvar Á. Guðmundsson sagði það óþekkt í verktakastétt, að aðalverktaki fengi greitt fyrir aðra stærð en undirverktaki; það væri ekki hægt. Verkið væri ein stærð, en um þá stærð gæti gilt mismunandi verð eftir því, hvort um aðal- eða undirverktaka væri að ræða.

Með vísan til þess, sem hér að framan greinir, þykir vera sannað, að stefnandi, – þó að komið hafi í ljós, að hann hafi unnið meira en verksamningur aðila gerði ráð fyrir, – hafi gert það í góðri trú á grundvelli verklýsinga ímúr-múrkerfisins, sem sannanlega var vísað til í samningi aðila. Þykir því rétt, að stefndi beri hallann af því, að verksamningur aðila og verklýsing stönguðust á að þessu leyti vegna ólíkra hæðarforsendna, þ. e. í ímúr-múrkerfinu annars vegar, sem gerir ráð fyrir, að verk sé að fullu unnið í sömu dýpt, og í verklýsingu, sem var hluti af verksamningi aðila. En þar var gert ráð fyrir mismunandi hæðarkvótum. Þá verður að líta til þess, að verkið var unnið athugasemdalaust undir eftirliti verkstjóra frá stefnda og eftirlitsmanns frá aðalverkkaupa. Að þessu virtu er það niðurstaðan, að stefndi greiði stefnanda fyrir það magn, sem hann sannanlega vann fyrir stefnda og stefndi fékk greitt fyrir hjá aðalverkkaupa.

Í samningi aðila var gert ráð fyrir, að greiðsla bærst stefnanda fyrir unnið verk innan tveggja vikna, frá því að stefndi fékk reikninga í hendur. Í kaflanum um málsatvik og málsástæður stefnanda, sem hér að framan er rakinn, er ljóst, að verulegur misbrestur varð á því, að stefndi greiddi stefnanda reikninga á umsömdum tíma.

Stefndi hefur mótmælt dráttarvaxtakröfu stefnanda af fyrsta reikningi, þar sem hann hafi greitt hann með víxli. Stefndi hafi ekki getað notað víxilinn fyrr en í apríl. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda, en reikningur var sendur stefnda 12. febrúar. Þá beri stefnda að greiða stefnanda dráttarvexti þann tíma, þegar litið er til ákvæða margnefnds samnings aðila.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að reikningar hafi verið greiddir reglulega nema lokareikningur. Sá reikningur hafi ekki verið greiddur

vegna ágreinings aðila um magnaukningu. Síðasti reikningurinn var sendur stefnda 30. júlí 1996. Þar sem reikningurinn var ekki greiddur, sendi lögmaður stefnanda stefnda innheimtubréf, dags. 14. janúar 1997. Bréfinu var svarað 3. apríl 1997 af lögmanni stefnda, þar sem stefnanda var tilkynnt, að Framkvæmdasýsla ríkisins viðurkenndi ekki að öllu leyti magn og fjárhæðir, sem stefndi krefðist, en hefði greitt stefndu fyrir færri múraða fermetra en stefnandi krafðist. Meðfylgjandi var tékki, að fjárhæð 224.791 kr. Af hálfu stefnanda var þessari greiðslu hafnað sem fullnaðar- og lokagreiðslu. Lögmanni stefnda var síðan sent bréf, þar sem óskað var eftir því, að hann léti vita, hvort líta skyldi á greiðsluna sem innborgun, hvort stefndi vildi draga hana til baka eða hvort hann vildi, að greiðslunni yrði veitt viðtaka með fyrirvara. Ekkert svar barst stefnanda við bréfi þessu, og var tékkinn því aldrei innleystur.

Prátt fyrir ítrekaðar óskir fékk stefnandi ekki í hendur mælingu Framkvæmdasýslu ríkisins, sem stefndi reisti mótmæli sín á. Í júní 1997 fengu aðilar Ingvar Á. Guðmundsson til að meta verkið. Þegar niðurstöður Ingvars höfðu ekki borist í lok júní s. á., sneri stefnandi sér til framkvæmdasýslunnar og óskaði eftir að fá að vita, fyrir hve marga fermetra stefnda hefði verið greitt af bendineti, múrhúðun, undirmúr, M-140, slétthúðum flötum, M-240. Þeirrar bóna stefnanda var synjað. Stefnandi kærði synjunina til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Úrskurður nefndarinnar féll 22. ágúst 1997, og var framkvæmdasýslunni gert skylt að veita lögmanni stefnanda umbeðnar upplýsingar. Þá kom í ljós, að stefndi hafði fengið greitt hjá framkvæmdasýslunni fyrir sama fjölda fermetra og stefnandi hafði gefið upp að hafa múrað og krafið stefnda um greiðslu fyrir.

Af þessu er ljóst, að í bréfi, dags. 3. apríl 1997, sem lögmaður stefnda skrifar lögmanni stefnanda vegna lokauppgjörins, er ranglega greint frá atvikum. Framkvæmdasýsla ríkisins greiddi stefnda samkvæmt mælingum stefnanda við lokauppgjör þeirra í lok mars 1997, en í bréfinu er látið í það skína, að framkvæmdasýslan hafi ekki að öllu leyti viðurkennt magn og fjárhæðir stefnanda. Samningur aðila kvað á um það, að stefndi skyldi greiða reikninga tveimur vikum eftir, að þeir bærust. Í lokauppgjöri á reikningi, dags. 30. júlí 1996, deildu aðilar um magn, og þykir því rétt, að stefndi greiði stefnanda 597.127 kr. með dráttarvöxtum frá 3. apríl 1997, þegar sannanlega lá fyrir, að Framkvæmdasýsla ríkisins hafði viðurkennt magnaukninguna í uppgjöri milli hennar og stefnda.

Stefndi hefur ekki haft uppi önnur mótmæli vegna dráttar á greiðslum en hér hefur verið gerð grein fyrir, og eru kröfur stefnanda vegna greiðslu-dráttar á öðrum reikningum en hér eru raktir teknar til greina, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessari niðurstöðu greiði stefndi stefnanda 130.000 kr. í málskostnað.

Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Friðjón og Viðar ehf., greiði stefnanda, Múr- og málningarþjónustunni Höfn hf., 597.127 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. s. l., af 938.490 kr. frá 1. mars 1996 til 1. apríl 1996, af 1.586.074 kr. frá 1. apríl 1996 til 10. apríl 1996, af 654.932 kr. frá 10. apríl 1996 til 19. apríl 1996, af 9.967 kr. frá 19. apríl 1996 til 1. júní 1996, af 767.126 kr. frá 1. júní 1996 til 7. júní 1996, af 569.358 kr. frá 7. júní 1996 til 21. júní 1996, af 272.901 kr. frá 21. júní 1996 til 1. júlí 1996, af 1.709.454 kr. frá 1. júlí 1996 til 5. júlí 1996, af 1.468.057 kr. frá 5. júlí 1996 til 16. júlí 1996, af 475.234 kr. frá 16. júlí 1996 til 1. ágúst 1996 og af 694.249 kr. að frádregnum 97.122 kr., þ. e. 597.127 kr., frá 3. apríl 1997 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 130.000 kr. í málskostnað.